

155 stjóri R. Ose, formaður slúppskipsins «Hillen» frá Álasundi og þegn Noregskonungs, 7. nóv. verði látinn sæta málssókn í Noregi fyrir að hafa síðastliðið sumar stundað fiskiveiðar í landhelgi við Ísland, svo og að yður verði gefið til vitundar, hvort og hvernig beri að gjöra ábyrgð gildandi á hendur bóndanum Einari B. Guðmundssyni á Hraunum í Skagafjarðarsýslu fyrir það, að hann með samningi frá 15. júní þ. á., og var samningur þessi meðal fylgiskjalanna við brjef amtmannsins, hafi ráðið nefndan skipstjóra með skipi hans og skipverjum í þjónustu sína til ofangreindra fiskiveiða.

Út af þessu skal eigi látið hjálfið hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að höfða ber opinbert lögreglumál á hendur Einari B. Guðmundssyni fyrir brot gegn fyrirmælum þeim, er gilda um fiskiveiðar í landhelgi. Jafnframt skal út af fyrirspurn þeirri, sem gjörð er í brjefi amtsins um hegningarákvarðanir þær, er beri að heimfæra undir brot E. B. Guðmundssonar, tekið fram það, er hjer segir:

Þegar gengið er út frá því, að samningurinn við Ose skipstjóra sje ekki gjörður til málamynda (pro forma), er hjer, eins og þjer hafið tekið fram, að ræða um brot gegn tilsk. 13. júní 1787 I. kap. 10. gr., sbr. opið brjef 28. maí 1859. Upp á brot gegn fyrirmælum þessarar greinar mátti að undanfögnu heimfæra hegningarákvarðanirnar í 2.—8. gr. I. kap. sömu tilskipunar, þar eð tilsk. 1. apríl 1776, sem grundvöllur var á því, að verzlunin og fiskiveiðar yrðu reknar með einkaleyfi, var numin úr gildi með 2. gr. I. kap. hinnar fyrnefndu tilskipunar, að svo miklu leyti sem innihald hennar var ekki ítrekað og brýnt með henni. En með því að hegningu þeirri, sem áður var ákveðin fyrir fiskiveiðar útlendinga í landhelgi við Ísland, er breytt með tilsk. 12. febr. 1872, virðist ástæða vera til að heimfæra hana «analogice» upp á innlenda menn, er til þessara fiskiveiða nota útlend skip með útlendum skipverjum.

Skyldi það þar á móti við rjettarrannsóknirnar koma í ljós, að samningur sá, sem gjörður hefir verið, sje, eins og amtmaðurinn í brjefi sínu hyggur, að eins saminn til að hylma yfir hinar ólöglegu fiskiveiðar tjeðs norska skipstjóra, og að þær í raun og veru hafi átt að stundast og hafi verið stundaðar fyrir reikning hins síðarnefnda sjálfs, hefir Einar B. Guðmundsson gjört sig sekan í hluttekningu í hinum ólöglegu fiskiveiðum Oses skipstjóra, og álitur ráðgjafinn, að fyrir þessa yfirsjón beri að dæma hann beinlínis eptir tilsk. 12. febr. 1872.

Gagnvart tjeðum skipstjóra virðist eigi næg ástæða til að gjöra neitt, nema það kynni að verða sannað undir málinu gegn Einari B. Guðmundssyni, að samningurinn hafi að eins verið gjörður til málamynda, og skal því hjer með þjónustusamlega skorað á yður, herra landshöfðingi, að hlutast til um, að send verði á sínum tíma hingað eptirrit af prófunum í málinu.

156 — Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Nordurmúlasýstu um toll af vínföng- 11. nóv. um handa skipverjum. — Jafnframt að senda yður, herra sýslumaður, brjef, þar sem verzlunarstjóri Þórður Guðjohnsen á Húsavík fer fram á að fá endurgoldnar 11 kr. 70 a., sem á Vopnafirði hafi verið greitt í toll af 39 pottum 8^o brennivíns, er aðfluttir hafa verið með skipinu «Harriet» í maímánuði þ. á., en sem eptir hjálögðu vottorði skipstjóra J. B. Jensens, sem gefið er upp á æru og trú, hafa verið ætlaðir handa skipverjum sjálfum, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að það er að vísu svo, að vínfanga þeirra, sem ætluð eru skipverjum, er vanalega getið sem slíkra í vöruskrá

þeirri eða hinum danska tollseðli, sem skipið á að hafa meðferðis, en 2. gr. tilsk. 26. febr. 1872 gjörir það þó eigi að skilyrði fyrir því að undanþiggja skipsforðann frá tolli, að hann berum orðum sje talinn í tollskránni. Þegar þetta á sjer eigi stað, eða þegar tollskránni ber eigi saman við vottorð það upp á æru og trú, er skipstjóri gefur, ber sýslumanni eptir atvikum þeim, er fyrir hendi eru, í hverju einstöku tilfelli að gjöra út um það, hvort hinn umræddi hluti farmsins skuli teljast með skipsforðanum og því verða undanþeginn frá tollgreiðslu.

Skyldi sýslumaður í einhverju einstöku tilfelli vera í efa um hið nefnda atriði, ber honum að bera það undir úrskurð landshöfðingja annaðhvort beinlínis eða með því að láta tollreikningnum fylgja öll skilríki þau, sem í þessu efni er þörf á, svo að tekið verði tillit til þeirra, þegar reikningurinn er endurskoðaður og úrskurðaður.

Að því er snertir málefni það, er hjer liggur fyrir, ber að viðhafa hina sömu aðferð, og að ofan er getið um, þannig að ofanefnd upphæð, 11 kr. 70 a., verði endurgoldin beiðandanum, ef að þjer, herra sýslumaður, álitit vottorð það, er skipstjóri hefir gefið upp á æru og trú, fullnægjandi, og ber þá að láta hjálögð fylgiskjöl fylgja tollreikningnum fyrir 1881, sem skilríki fyrir endurborguninni. Skyldi yður þar á móti þykja ísjarvert að endurborga tollinn, ber að endursenda fylgiskjölin hingað með þóknanlegum ummælum yðar um málið, ásamt skýringum þeim, er nauðsynlegar eru til að dæma um, hvort vottorð skipstjóra upp á æru og trú geti álitit fullnægjandi til að sanna, að nefndir 39 pottar brennivíns hafi heyrt með til skipsforðans, og þyrftu meðal slíkra skýringa að vera sumpart endurrit af viðkomandi tollskrá, sumpart skýrsla um fjölda skipverja, svo og um, hvað vanalega megi álíta hæfilegan forða af vínföngum handa skipum af líkri stærð o. fl.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ferðaáætlun póstskipa 1882. — Eptir að ráðgjafinn hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 6. september þ. á. og fylgdi því ályktun alþingis um póstskipferðirnar til Íslands árið 1882, sendi ráðgjafinn hinu sameinaða gufuskipafjelagi ferðaáætlun þá, er alþingi hafði samið, og lagði jafnframt það til, að fjelagið vildi haga póstskipferðunum samkvæmt aðaluppástungunni (ferðaáætlun 1 og 2). Þar hjá lýsti ráðgjafinn yfir því, ef svo færi, að fjelagið sæi sjer það ekki fært, að hann til vara myndi fallast á ferðaáætlun, sem væri samkvæm uppástungu alþingis nr. 3.

Í brjefi því, sem hjer með fylgir eptirrit eptir, hefir hið sameinaða gufuskipafjelag lýst berlega yfir því, að það alls ekki geti fallit á ferðaáætlunina nr. 3, en að

I) Brjef þetta er dagsett 25. oktbr. 1881, og segir svo:

Með brjefi hins háa stjórnarráðs frá 20. júlí þ. á. meðtókum vjer eptirrit eptir brjefi frá landshöfðingjanum á Íslandi, dagsett 7. maí þ. á. lútandi að miðvetrarferð póstskipisins til Íslands og eptir að vjer höfum nú ásamt brjefi stjórnarráðsins frá 18. þ. m. enn fremur meðtekið eptirrit eptir uppástungu alþingis um ferðaáætlun póstskipanna næsta ár ásamt álitu landshöfðingjans í þessu tilliti, loyfum vjer oss að gjöra eptirfylgjandi athugasemdir.

Ástæður þær, sem landshöfðinginn telur fyrir því, að engin veruleg hætta sje að fara út til Íslands um hávetur, getum vjer með engu móti viðurkennt, að sjeu rjettar. Að bera saman breiddarstig og meðalhita á vesturströnd Noregs og á Íslandi er ásendis þýðingarlaust, þegar aðrar ástæður á þessum 2 stöðum eru alveg ólíkar. Öll vestursíða Noregs er ávallt íslaus, hefir noga vita til leiðbeingar og hefir alstaðar áreiðanlegar hafnir eða skipalegur, þar sem skip geta í stormum óhult

Hinn 30. desember 1881.